

Svar við skriflegri fyrirspurn E 5/2023 um rétt til starfsleyfis til að sinna stjórnmalastörfum í búsetulandi

Sænska þingið hefur samþykkt lög (2022:102) um rétt til leyfis vegna stjórnmalastarfa innan EES, Sviss og Bretlands. Rétturinn á við um rétt til starfsleyfis til að sinna stjórnmalastörfum á staðbundnu og svæðisbundnu stigi sem samsvarar starfi í Svíþjóð sem gefur rétt til leyfis samkvæmt sveitarstjórnarlögunum (2017:725). Innleiðing laganna felur í sér afnám stjórnsluhindrunar fyrir kjörna embættismenn frá öðrum norrænum löndum sem starfa í Svíþjóð.

Ég fagna því að þeir sem búa í Svíþjóð og starfa í Danmörku eigi nú einnig rétt á leyfi vegna stjórnmalastarfa samkvæmt lögunum sem þingið samþykkti í desember 2023. Finnsla ríkisstjórnin hefur rannsakað málið en þeir sem búa í öðrum löndum, t.d. Svíþjóð, og starfa í Finnlandi, njóta sem stendur ekki sama réttar.

Þegar á heildina er litið er metið sem svo að stjórnsluhindrunin sé að hluta til leyst og að hana megi afskrifa þegar réttur til leyfis nær til allra sem búa í einu norrænu landi og starfa í öðru norrænu landi.

Stokkhólmi, 19. mars 2024

Erik Slottner

Ráðherra málefna sveitarfélaga